

FRAMTÍÐARSÝN TR

2021

Framúrskarandi þjónusta

- Leiðbeiningar og upplýsingar veittar á fjölbreyttan hátt
- Viðskiptavinir annast sín mál á Mínum síðum
- Vefsíða mætir margvíslegum þörfum viðskiptavina

Fagmennska í starfsháttum

- Viðurkenndir gæðastaðlar og upplýsingaöryggi tryggt
- Rafræn samskipti við fagaðila
- Verkferlar einfaldir og skilvirkir

Framsækinn vinnustaður

- Hæfni starfsfólks tryggð með virkri starfsþróun
- Hvetjandi starfsumhverfi, góður starfsandi og jafnrétti
- Áhersla á samfélagsvitund og virðingu fyrir umhverfinu

Framtíðarsýn TR er að veita framúrskarandi þjónustu, sýna fagmennsku í starfsháttum og vera framsækinn vinnustaður.

Gildi TR



Að vera fagleg og áreiðanleg í störfum okkar



Að vinna saman að því að mæta ólíkum þörfum viðskiptavina



Að sýna frumkvæði og beina kröftum okkar og þekkingu að því að gera sífellt betur



MANNAUÐSSTEFNA TR



TRYGGINGASTOFNUN

TR

Mannauðsstefna TR

Markmið mannauðsstefnu TR er að hæfni, þekking og viðhorf starfsfólks nýtist sem best hverju sinni svo ólíkum þörfum viðskiptavina sé mætt eins vel og kostur er. Mannauðsstefna byggir á gildum TR sem eru traust, samvinna og metnaður og er skipt upp í fimm meginflokka sem eru:

1. Val á starfsfólki

Við leggjum áherslu á:

- Að beita faglegu og skilgreindu ráðningarferli þar sem jafnræðis og hlutleysis er gætt.
- Að hæfasti umsækjandinn sé ráðinn hverju sinni m.t.t. menntunar, starfsreynslu og viðhorfa.
- Að hafa ávallt á að skipa hæfasta starfsfólki sem völ er á til að tryggja gæði þjónustunnar.
- Að taka vel á móti nýju starfsfólki og bjóða þeim upp á faglega þjálfun og aðlögun í starfi.
- Að launakjör séu samkeppnishæf m.t.t. sambærilegra starfa hjá ríkinu og taki mið af einstaklingsbundnum þáttum í stofnanasamningi. Horft er til einstaklingsbundinnar frammistöðu starfsfólks, frumkvæðis, fagþekkingar og vilja til að efla góðan starfsanda.

2. Hvetjandi starfsumhverfi

Við leggjum áherslu á:

- Að starfsfólk vinni í hvetjandi starfsumhverfi með góðum starfsanda og öflugri liðsheild.
- Að góður starfsandi sé meðal starfsfólks og að það sýni hvert öðru fyllstu tillitsemi og virðingu í öllum samskiptum.
- Að starfsumhverfið einkennist af fagmennsku, heiðarleika og virðingu.
- Öryggi starfsfólks á vinnusvæði sé haft að leiðarljósi.
- Að allt starfsfólk starfi eftir siðareglum stofnunarinnar og gæti fyllstu þagmælsku í starfi.

3. Starfið og þróun

Við leggjum áherslu á:

- Að hverjum starfsmanni sé ljóst hvert sé verksvið hans og ábyrgð samkvæmt starfslýsingu.
- Að greina fræðsluþarfir starfsfólks og bjóða upp á öflugra símenntun.
- Að hvetja starfsfólk til frumkvæðis og sköpunar í starfi.
- Að góður árangur starfsfólks njóti viðurkenningar
- Að allt starfsfólk fari í starfsmannasamtal a.m.k. einu sinni á ári.
- Að starfsfólk hafi yfirsýn yfir starfsemi stofnunarinnar.

4. Velliðan og jafnvægi

Við leggjum áherslu á:

- Að mismuna ekki starfsfólki á grundvelli fötlunar, kynferðis, aldurs, trúarbragða, þjóðernis, stjórnmalaskoðana, kynhneigðar eða annarra persónubundinna þátta eins og fram kemur í jafnréttisáætlun stofnunarinnar.
- Stuðningur sé sýndur heilbrigðu lífneri starfsfólks.
- Vistvænar samgöngur starfsfólks til og frá vinnu.
- Að skapa starfsfólki aðstæður til að samræma ábyrgð starfs og fjölskyldu eins og kostur er.
- Að bjóða starfsfólki sveigjanlegan vinnutíma verði því viðkomandi hverju sinni

5. Stjórnun

Við leggjum áherslu á:

- Að stjórnunarhættir TR byggja á gildum, stefnu og framtíðarsýn stofnunarinnar.
- Að stjórnendur þekki vel starfsvettvang sinn og leggi grunn að góðum samskiptum.
- Að stjórnendur veiti nauðsynlegar upplýsingar, endurgjöf og hvatningu til árangurs og ábyrgðar í starfi.
- Markvissa upplýsingagjöf til starfsfólks.